




Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

ÁRSPING BTÍ 2004

Árสปing Borðtennissambands Íslands 2004 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 29. nóvember 2004.

1. Þingsetning. Sigurður Valur Sverrisson, formaður BTÍ, setti þingið og flutti ávarp. Hann tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í sambandinu.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Stungið var upp á Gunnari Jóhannssyni sem fundarstjóra og Ástu M. Urbancic sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

3. Staðfest lögmæti þingsins. Þingið telst vera lögmætt. Enginn mótmælti því.

4. Kjörbréfanefnd. Í nefndina voru kosin einróma: Pétur Stephensen, formaður, Ólafur Elí Magnússon og Jón Sigurðsson. Nefndin tók þegar til starfa. Þegar nefndin hafði lokið störfum las Pétur upp kjörbréf. Aðalfulltrúar, sem höfðu rétt til að sækja þingið, voru 24 og voru allir mættir. Samþykkt var að Jóhanna Jóhannesdóttir frá HSP fengi að sitja þingið með 2 atkvæði þrátt fyrir að kjörbréf vantaði. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

Fulltrúar frá ÍBR (12): 1. Árni Siemsen; 2. Daði Freyr Guðmundsson; 3. Einar Geirsson; 4. Hlöðver Þorsteinsson; 5. Kristján Viðar Haraldsson; 6. Kjartan Briem; 7. Magnús K. Magnússon; 8. Matthías Stephensen; 9. Pétur Ó. Stephensen; 10. Sölvi Pétursson; 11. Tryggvi Áki Pétursson; 12. Kristján Jónasson.

Fulltrúar frá HSK (5): 1. Þórður G. Halldórsson; 2. Axel Sæland; 3. Ólafía B. Ásbjörnsdóttir; 4. Ólafur Elí Magnússon; 5. Fanney Björk Ólafsdóttir.

Fulltrúar frá UMSK (3): 1. Gunnar Hrafn Jónsson; 2. Kristín Gísladóttir; 3. Hilmar Þór.

Fulltrúi frá HHF (2): Jón Sigurðsson, og fer hann með 2 atkvæði.

Fulltrúi frá HSP (2): Jóhanna Jóhannesdóttir, og fer hún með 2 atkvæði.

5. Fundargerð síðasta þings. Fundargerð ársþingsins 2002 var vísað til stjórnar. skv. venju.

6. Afhending viðurkenninga. BTÍ afhenti þeim einstaklingum viðurkenningar, sem voru punktahæstir í mótum BTÍ 2002-2003 og 2003-2004. Í meistaraflokki karla sigraði Markús Árnason, Víkingi, fyrra árið og Magnús F. Magnússon, Víkingi seinna árið. Í meistaraflokki kvenna sigraði Halldóra S. Ólafs, Víkingi, bæði árin.

Einnig voru afhent silfurmerki BTÍ. Þau fengu Ólafur K. Ólafs og Björn Brynjar Jónsson fyrir störf að vef BTÍ og Helgi Þór Gunnarsson fyrir störf að íþróttinni. Hu Dao Ben, landsliðsþjálfari, fékk gullmerki BTÍ fyrir 15 ára störf að borðtennis á Íslandi. Síðar á þinginu afhenti Pétur Stephensen Sigurði Val Sverrissyni gullmerki BTÍ.

7. Ávörp gesta. Stefán Snær Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ og fyrrum borðtennismaður ávarpaði þingið. Hann hrósaði þeirri glæsilegu ársskýrslu sem lá fyrir þinginu. Þrátt fyrir að dálítill halli hafi verið á rekstri sambandsins á árinu sagði Stefán ekki mörg sársambönd hafa betri skuldastöðu en BTÍ. Hann hrósaði stjórn BTÍ og óskaði Guðmundi Stephensen til hamingju með góðan árangur í íþróttinni. Stefán minnti á Smáþjóðaleikana árið 2005. Einnig hvatti hann leikmenn til að standa saman í þágu íþróttarinnar. Að lokum sámdi Stefán Sigurð Val Sverrisson, fráfarandi formann BTÍ gullmerki ÍSÍ.

8. Skýrsla fráfarandi stjórnar. Formaður BTÍ gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar. Björn Brynjar Jónsson hætti störfum í stjórn á tímabilinu en áfram mátti leita til hans með verkefni. Í ársskýrslunni er ítarlega fjallað um mót á Íslandi og erlendis. Norður-Evrópumót með þátttöku Eystrasaltsríkjanna hefur komið í stað Norðurlandamóts. Landsliðið tók þátt í mörgum verkefnum árið 2003. Árni Siemsen fór á mót og námskeið erlendis sem dómari. Auglýst var eftir leiðbeinendum en lítil viðbrögð voru við þeirri auglýsingu. Uppgangur er í borðtennis á Hvolsvelli og námskeið hafa verið haldin í Borgarnesi og á Ólafsfirði. Styrkleikalisti hefur verið tekinn í notkun. Uppfærslan hefur gengið brösuglega, því helst þarf sérfræðing til að uppfæra listann. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum til að slá inn úrslit en Björn Brynjar Jónsson er að uppfæra forritið.

9. Reikningar BTÍ lagðir fram. Kristján Jónasson, gjaldkeri BTÍ lagði fram reikninga ársins 2002 og 2003. Reikningarnir eru í ársskýrslu BTÍ 2004.

10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Kristján Viðar Haraldsson spurði um mótakostnað og útbreiðslu. Sigurður Valur svaraði og sagði mótakostnað vera vegna Íslandsmóta. Útbreiðslustyrkur er sagður vera miklu hærri en sú upphæð sem notuð er til útbreiðslu. Á síðasta þingi var samþykkt að engin gjöld skyldu tekin fyrir lið í deildakeppni. Ólafur Elí Magnússon spurði um unga og efnilega leikmenn. Sigurður sagði hægt að sækja um styrki til ÍSÍ en BTÍ ákveður fyrir hverja er sótt um styrki. Þórður Halldórsson hrósaði skýrslunni en fannst vanta svar um útbreiðslustyrk. Hann sagði KR-inga vera duglega að ferðast út á land. Sigurður sagði áætlun landsliðsins vera metnaðarfulla og hefðu tekjurnar farið í það.

11. Reikningar samþykktir. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

12. Fjárhagsáætlun vísað til nefndar. Í fjárhagsnefnd, sem starfaði í þinghléi, voru skipaðir Kristján Jónasson, Árni Siemsen og Axel Sæland. Ekki var lögð fram fjárhagsáætlun stjórnar heldur gert ráð fyrir að nefndin setti hana fram, skv. venju.

13. Lagabreytingar. Fyrir þinginu lágu tillögur að lagabreytingum sem Kjartan Briem hafði sent út. Ljóst var að þessar tillögur voru of seint fram komnar. Leitað var afbrigða til að þær fengjust ræddar og var það samþykkt samhljóða. Kjartan kynnti tillögurnar og sagði þær vera lagðar fram til umræðu. Tillögurnar í heild fylgja með í viðauka en þær sem voru ræddar á þinginu birtast hér að neðan, umorðaðar:

- *Reglugerð um Íslandsmót.* Lagt er til að flokkur ungmenna 18-20 ára bætist við. Kjartan vísaði því til laganeftdar hvort einnig ætti að keppa í tvíliðaleik og tvenndarkeppni í þessum aldursflokki.
- *Reglugerð um flokkakeppni.* Lagt til að breytt verði úr Swaythling kerfi í Corbillion kerfi, eins og er notað í 2. deild. Úrslitakeppni verði á milli 4 efstu liðanna. Lið innan sama félags geti ekki skipt á sætum. Hann lagði til að reglur um röðun liða í flokkakeppni verði strikaðar út. Kjartan taldi reglur um félagaskipti vera ruglingslegar. Hann leggur til viðbót um að hver leikmaður megi eingöngu spila tvisvar sinnum á sama tímabili á móti sama liði. Kjartan leggur til að gerð verði langtímaáætlun fyrir flokkakeppni þannig að eftir 5 ár megi aðeins eitt lið frá hverju félagi leika í 1. deild. Leyft verði að leika með öðru liði í flokkakeppni en eigin félagsliði. Þá taldi Kjartan að of mikið væri um frestanir á leikjum í flokkakeppninni.
- *Keppnisreglur.* Breyting á 14. gr. keppnisreglna vegna ungmennaflokks. Í grein um flokkakeppni unglinga verði tekin út setning um flokkakeppni unglinga að hausti og vori. Þá lagði Kjartan fram tillögu um gjald vegna keppni sem endurspeglar kostað vegna móta. Í framhaldinu þakkaði Kjartan Árna Siemsen fyrir að uppfæra punktalistann.

Tillögur Kjartans fara til umræðu í laga- og leikreglnanefnd í þinghléi.

Einar Geirsson spurði um fjölda liða í 2. deild. Kjartan sagði tillögurnar eingöngu eiga við um 1. deild. Pétur Stephensen lagði til að tillögunum verði vísað til næstu stjórnar.

Kosið var í laga- og leikreglnanefnd: Ólafur K. Ólafs, Kristján Viðar Haraldsson, Pétur Stephensen. Tekið var fram að öllum væri heimilt að starfa í nefndum.

Sigurður Valur Sverrisson óskaði eftir að fá orðið og þakkaði þann heiður sem honum hafði verið sýndur og sendi þakkir til ÍSÍ.

14. Nefndir skila álit. *Fjárhagsnefnd.* Árni Siemsen kynnti tillögur fjárhagsneftdar að fjárhagsáætlun og sagði áætlun fyrir árið 2004 byggða á tillögum frá Sigurði Val Sverrissyni. Helstu tölur eru: Tekjur 4 milljónir, gjöld 3,3 milljónir, 700 þús. kr. í afgang. Fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 4,2 milljónum í tekjur og 3,3 milljónum í útgjöld, 900 þús. í afgang. Fjárhagsáætlunina sundurliðaða er að finna í viðauka.

Gunnar Jóhannsson benti á að með samþykkt fjárhagsáætlunar væri verið að binda hendur stjórnarinnar. Skv. áætluninni eiga að fara 800 þús. kr. til ferðar á heimsmeistaramót í Kína á árinu 2005 og 700 þús. kr. í Evrópumeistaramót unglunga. Á árinu 2005 verða einnig Smáþjóðaleikar en hluti kostnaðar við ferð þangað er greiddur af ÍSÍ. Gert er ráð fyrir 250 þús. kr. vegna þátttöku í leikunum. Gunnari Hrafn Jónssyni fannst fjárhagsáætlunin vera fljótfernislega unnin og tók Kjartan Briem undir það. Sigurður Jónsson lagði til að áætlunin yrði samþykkt. Kjartan spurði um upphæðina til þátttöku í heimsmeistaramótinu, þar sem aðeins verður um einstaklingskeppni að ræða og vildi frekar leggja meira fé til útbreiðslu. Þar er gert ráð fyrir 200 þús. kr. á árinu 2005. Axel Sæland taldi 200 þús. kr. vera góða byrjun á útbreiðsluátaki. Pétur Stephensen benti á að nota má hluta rekstrarafgangs til útbreiðslu. Kristján Viðar Haraldsson benti á að auka mætti auglýsingatekjur. Guðrún Björnsdóttir spurði hvort tekið hafi verið tillit til útgjalda vegna móta sem Guðmundur Stephensen tekur þátt í. Sigurður svaraði að Guðmundur væri ekki inni í áætluninni en tekjur og gjöld hans vegna standist nokkurn veginn á. Loks var fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

Ólafur K. Ólafs fjallaði um álit *laga- og leikreglnanefndar*. Nefndin lagði til að lína verði strikuð út úr 14. gr. um flokkakeppni, þar sem sagt er að keppa skuli í flokkakeppni unglunga bæði að hausti og vori; eingöngu verði keppt að vori. Nefndin ákvað að vísa öðrum framkomnum tillögum til næstu stjórnar. Stefán Konráðsson benti á að á síðasta ársþingi hafi komið fram að stjórn geti breytt reglugerðum en að lögum verði eingöngu breytt á þingi. Tillaga til breytingar á 14. gr. var samþykkt samhljóða. Kjartan Briem tók til máls og studdi að tillögunum væri vísað til stjórnar. Hann taldi að fleiri en stjórnin ættu að koma að breytingum á reglugerðum. Kristján Viðar Haraldsson lýsti sig sammála Kjartani, og vildi að þing ákveði reglugerðarbreytingar. Loks var samþykkt samhljóða að vísa tillögunum til stjórnar.

15. Kosning stjórnar og varamanna. Nýr formaður var kosinn Helgi Þór Gunnarsson. Aðrir stjórnarmenn voru kosin Axel Sæland, Ásta M. Urbancic, Kristján Jónasson, og Pétur Stephensen. Í varastjórn voru kjörnir Jón Sigurðsson, Bjarni Bjarnason og Gunnar Hrafn Jónsson.

16. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Árni Siemsen og Stefán Konráðsson.

17. Kjör í borðtennisdómstól. Hætt er að kjósa í borðtennisdómstól og fara mál nú fyrir dómstól ÍSÍ.

18. Val fulltrúa á íþróttaping. Vali fulltrúanna var vísað til stjórnar.

19. Önnur mál. Pétur Stephensen kynnti tillögu að skipuriti fyrir Borðtennissambandið. Tillagan hefur þegar verið rædd á fundi borðtennisdeilda Víkings og KR. Í skipuritinu er gert ráð fyrir að verk séu unnin í nefndum. Skipuritið er lagt fram sem ábending til stjórnar.

Ólafur K. Ólafs bað um orðið. Hann hefur setið í stjórn BTÍ í 4 ár en gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Ólafur hefur verið ritstjóri vefs BTÍ. Hann taldi að verið væri að rétta hlut kvenna. Ólafi finnst agaleysi ríkjandi í íþróttinni og taldi borðtennis vera á byrjunarreit í því máli. Spurning sé hvernig best sé að halda áfram. Hann þakkaði samstarfið í stjórninni þessi ár.

Kjartan Briem þakkaði fráfarandi stjórn fyrir starf hennar. Hann tók undir með Pétri Stephensen um skipurit fyrir BTÍ og sagði margar nefndir vera til í reglugerðum BTÍ en þær hafi ekki verið virkar undanfarin ár.

Kristján Viðar Haraldsson hefur áhuga á að stofna félag borðtennisþjálfara og lagði til að stofnfundur verði haldinn fljótlega eftir áramót. Hann lýsti ánægju með fyrirhugaða stofnun skemmtinefndar.

Þórður Halldórsson var einnig ánægður með skipuritið og taldi hann sig finna sátt hug á þinginu. Hann hefur verið ánægður með heimasíðu BTÍ og vill ekki láta leggja niður spjallrásina sem þar hefur verið, hún lýsi andanum í hreyfingunni. Hann tók undir með Ólafi um að virðingu skorti fyrir íþróttinni og þeim reglum sem unnið er eftir. Stjórn og mótanefnd eigi að vera virkar og reglur þurfi að vera skýrar.

Gunnar Hrafn Jónsson áleit að iðkendum í borðtennis hefði fækkað. Hann vill sjá meiri peninga í útbreiðslu og vill sjá a.m.k. 500 iðkendur og fleiri lið. Nefndi hann Fjölni sem dæmi.

Jóni Sigurðssyni fannst leitt að utanaðkomandi aðilar blandi sér í leikinn og finnst að menn þurfi að bera virðingu fyrir andstæðingnum.

20. Ávarp nýkjörins formanns. Helgi Þór Gunnarsson þakkaði Sigurði Val Sverrissyni og Ólafi K. Ólafs fyrir þeirra störf. Hann lýsti ánægju með nýkjörna stjórn og sagði að allir yrðu að standa saman og virða hvern annan og vinna fyrir BTÍ. Að lokum þakkaði Helgi það traust sem honum hefði verið sýnt.

21. Þingslit. Gunnar Jóhannsson þakkaði Sigurði fyrir hans störf og Ólafi fyrir vinnu hans við heimasíðu BTÍ, sem hann taldi betri en síðu knattspyrnudeildar KR. Að lokum sleit Gunnar þingi.

24. janúar 2005

Ásta M. Urbancic

Fjárhagsáætlun fyrir BTÍ 2004 og 2005

2004		2005	
Tekjur:		Tekjur:	
Útbreiðslustyrkur	1.000.000 kr.	Útbreiðslustyrkur	1.000.000 kr.
Lottó	2.200.000	Lottó	2.400.000
<u>Aðrir styrkir</u>	<u>800.000</u>	<u>Aðrir styrkir</u>	<u>800.000</u>
Samtals	4.000.000	Samtals	4.200.000
 Gjöld:		 Gjöld:	
HM í Quatar	750.000 kr.	EM unglina	700.000 kr.
EM unglina	500.000	HM í Kína	800.000
NM í Lettlandi	600.000	Smáþjóðaleikar	250.000
Stjórnarkostnaður	350.000	Stjórnarkostnaður	350.000
Þjálfun	600.000	Þjálfun	600.000
Námskeið	100.000	Útbreiðsla	200.000
<u>Mótakostnaður</u>	<u>400.000</u>	<u>Mótakostnaður</u>	<u>400.000</u>
Samtals	3.300.000	Samtals	3.300.000
 Mismunur	 700.000 kr.	 Mismunur	 900.000 kr.

Tillögur Kjartans Briem að breytingum á lögum og keppnisreglum BTÍ

LÖG BTÍ

Við **9. gr.** bætist þessi setning: Menn sem sitja í stjórn borðtennisdeilda félaga sem eru aðilar að BTÍ er ekki heimilt að sitja í stjórn BTÍ.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT

Í **1. gr.** verði bætt við flokki ungmenna 18-20 ára í einliðaleik. Málsgrein um einliðaleik hljómar þá þannig:

Einliðaleikir: Ungmenn karla (18-20 ára), drengir (16-17 ára), sveinar (14-15 ára), piltar (12-13 ára), hnokkar (yngri en 11 ára), ungmenni kvenna (18-20 ára), stúlkur (16-17 ára), meyjar (14-15 ára), telpur (12-13 ára), tatur (yngri en 11 ára).

KEPPNISREGLUR

Í **8. gr.** verði bætt við setningu: Mótanefnd BTÍ er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir keppnisleyfi leikmanna til þátttöku í opnum mótum, sem skal endurspegla kostnað við utanumhald styrkleikalista, punktalista, framsetningar mótaskrár og úrslita mótanna.

Greinin í heild verður þá:

Öll mót hafa mótanefnd.

Mótanefnd BTÍ er skipuð af stjórn strax að loknu ársþingi. Mótanefnd sér um og skipuleggur Íslandsmót, Íslandsmót unglinga, Íslandsmót öldunga, flokkakeppni og bikarkeppni. Mótanefnd skal einnig sjá um og færa punktastöðu.

Tilkynna verður öll mót milli tveggja félaga eða stærri til mótanefndar BTÍ og punktamót má ekki halda án leyfis hennar.

Mótanefnd BTÍ er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir keppnisleyfi leikmanna til þátttöku í opnum mótum, sem skal endurspegla kostnað við utanumhald styrkleikalista, punktalista, framsetningar mótaskrár og úrslita mótanna.

Senda skal mótanefnd BTÍ afrit af öllum leiktöflum nema innanfélagsmóta eigi síðar en viku eftir mót.

Mótanefnd BTÍ sendir út keppnistöflu yfir flokkakeppni Íslands, Íslandsmót og þau punktamót sem hún hefur leyft fyrir 10. október.

Önnur mót skulu einnig fylgja eftir því sem vitað er um.

Aðrar mótanefndir eru skipaðar eða kosnar eftir þörfum.

Mótanefndir skipuleggja mót, auglýsa, taka við keppnisgjöldum, ráða dómara, ákveða keppnisflokka og taka allar ákvarðanir varðandi mót um þau atriði sem ekki eru ákveðin í þessum reglum, leikreglum eða lögum BTÍ. Má þar nefna til viðbótar fjölda flokka sem hver einstakur leikmaður má taka þátt í (sjá þó reglur um flokkakeppni og Íslandsmót).

14. gr. Verði löguð að nýjum ungmennaflokki. Einnig verði strikuð út síðasta setningin í greininni, þ.e. setningin: “Leikmaður sem er hlutgengur í flokkakeppni drengja og stúlkna að hausti, er einnig hlutgengur í flokkakeppnina að vori.”

Eftir breytingar hljómi greinin þannig:

Keppt er í eftirfarandi aldursflokkum:

11 ára og yngri	hnokkar	tátur
12-13 ára	piltar	telpur
14-15 ára	sveinar	meysjar
16-17 ára	drengir	stúlkur
18-20 ára	ungmennir	karla ungmennir kvenna
21-39 ára	karlar	konur
40-49 ára	öldungur	öldungur
50 ára og eldri	öldungur	öldungur

Aldursflokkaskiptingin miðast við áramót.

Fæðingardag og ár skal tilgreina á þátttökutilkynningu, þegar keppt er í aldursflokkum.

Enginn getur keppt í lægri aldursflokk en hann er sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla og kvennaflokk. Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokk öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokk.

Í eftirfarandi tilvikum geta menn tekið þátt í keppni með eldri keppendum:

þegar ekki er auglýst keppni í aldursflokk þátttakanda má hann keppa með næsta aldursflokk fyrir ofan sinn. Þetta á þó einungis við um unglingaflokkana.

B) Í punktamótum (sjá reglugerð).

REGLUGERÐ UM FLOKKAKEPPNI BTÍ

Lagt er til að allar breytingar taki gildi frá og með upphafi keppnistímabils 2005-2006.

Upphaf **1. gr.** breytist og verði: “Keppt skal eftir þriggja manna “Corbillion” í öllum deildum karla en í unglinga- og kvennaflokk skal keppt eftir tveggja manna “Corbillion” kerfi.

Í 1.deild karla telst efsta lið eftir deildakeppni teljast deildarmeistari tímabilsins, en í öðrum deildum teljast sigurlið Íslandsmeistarar.

Sigurlið í úrslitakeppni 1.deildar telst Íslandsmeistari (sjá 12.grein). ”

Síðan heldur greinin áfram eins og áður og fjallar um röð leikja.

Í **2. gr.** bætist við setningin: “Lið innan sama félags geta ekki skipst á sætum milli deilda.” Greinin verður þá:

“Keppt skal í eftirfarandi flokkum:

Karlar: 1. og 2. deild.

Konur: 1. deild.

Drengir: Tveir flokkar. 15 ára og yngri, 15-18 ára

Stúlkur: Tveir flokkar. 15 ára og yngri, 15-18 ára

Í 1. deild karla skulu vera 6 lið.

Neðsta lið í 1. deild fellur í 2. deild en efsta lið í 2. deild flyst í 1. deild. Lið innan sama félags geta ekki skipst á sætum milli deilda.

Leikin skal tvöföld umferð í fyrstu deild karla en einföld umferð í öðrum flokkum

Í fyrstu og annarri deild karla og í kvennaflokk skal lágmarksstærð keppnisvallar vera 5 x 10 m. og keppni skal fara fram á 1-3 borðum eftir því sem húsrúm leyfir. Í öðrum flokkum ákveður mótanefnd fjölda borða sem keppt skal á.

Leikmaður sem er hlutgengur í flokkakeppni drengja og stúlkna að hausti, er einnig hlutgengur í flokkakeppnina að vori.”

Í 7. gr. bætist við eftirfarandi setningar: “Í deildakeppni í 1.deild karla má þó hver leikmaður eingöngu leika tvisvar á sama keppnistímabili gegn sama liði, einu sinni í fyrri hluta, og einu sinni í seinni hluta.

Leikmaður sem er skráður í félag og leikur fyrir það í einstaklingsmótum, getur sótt um að fá að leika fyrir annað félag í flokkakeppni BTÍ. Umsókn skal send mótanefnd BTÍ. Mótanefnd úthlutar leyfi innan tveggja vikna frá umsókn og gildir sú umsókn eingöngu fyrir yfirstandandi keppnistímabil.”

Neðst í greinina bætist við setning: ” Í úrslitakeppni 1.deildar karla mega eingöngu leika þeir leikmenn sem leikið hafa a.m.k. þrjá leiki í deildakeppni tímabilsins með sama liði og keppt er fyrir í úrslitakeppni. Ef lið leikur með ólöglegum leikmanni samkvæmt 7.grein telst leikur liðsins tapður með stærsta mun.”

Greinin verður þá:

“Félagi er heimilt að nota eins marga leikmenn í liði sínu og það vill á keppnistímabilinu. Leikmanni er heimilt að skipta einu sinni á leiktímabili um lið innan félags. Í deildakeppni í 1.deild karla má þó hver leikmaður eingöngu leika tvisvar á sama keppnistímabili gegn sama liði, einu sinni í fyrri hluta, og einu sinni í seinni hluta.

Leikmaður sem er skráður í félag og leikur fyrir það í einstaklingsmótum, getur sótt um að fá að leika fyrir annað félag í flokkakeppni BTÍ. Umsókn skal send mótanefnd BTÍ. Mótanefnd úthlutar leyfi innan tveggja vikna frá umsókn og gildir sú umsókn eingöngu fyrir yfirstandandi keppnistímabil.

Þótt stillt hafi verið upp á leikskýrslu getur varamaður komið inn fyrir mann sem ekki hefur leikið.

Sami leikmaður getur ekki leikið í tveimur liðum sama félags í sömu umferð.

Í úrslitakeppni 1.deildar karla mega eingöngu leika þeir leikmenn sem leikið hafa a.m.k. þrjá leiki í deildakeppni tímabilsins með sama liði og keppt er fyrir í úrslitakeppni.”

Í 8. gr. verði tekin út orðin “hafi félagið tilkynnt fleiri lið í sama flokki/deild.” úr 1. setningunni. Einnig verði teknar út þessar setningar: “Leiki tvö lið úr sama félagi í sama riðli skal þeim raðað eftir styrkleika A,B,C o.s.frv. Í hverri umferð sem leikin er, skal þannig A lið vera sterkara en B lið, B lið sterkara en C lið og svo frv. Miða skal við að lið X teljist sterkara en lið Y ef meðalstyrkleikastig leikmanna liðs X sem leika einliðaleiki í hverri umferð, er hærra en meðalstyrkleikastig leikmanna liðs Y í sömu umferð.

Leikir liða úr sama félagi skulu fara fram fyrst í hvorri umferð, og ef fleiri en tvö lið úr sama félagi leika í sama riðli skulu sterkustu liðin mætast fyrst og svo koll af kolli. Þannig að ef þrjú lið frá sama félagi leika í sama riðli skulu A og B mætast fyrst, þá A og C og loks B og C. Ef fjögur lið frá sama félagi leika í sama riðli skulu A og B mætast annars vegar og C og D hins vegar í fyrstu umferð. Í annarri umferð skulu A og C mætast og í þriðju umferð skulu B og C mætast.”

Inn í greinina verði bætt þessum kafla á eftir fyrstu setningunni: ” Keppnistímabilið 2005-2006 mega eingöngu 3 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að fjögur lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.

Keppnistímabilin 2006-2007 og 2007-2008 mega eingöngu 2 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að þrjú lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.

Keppnistímabilin frá 2008-2009 og síðar má eingöngu 1 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að tvö lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.”

Eftir breytingar hljóðar þá greinin svo:

“Félögum er skylt að tilkynna mótanefnd BTÍ fyrir upphaf flokkakeppni hvaða leikmenn skipi hvaða lið félagsins.

Keppnistímabilið 2005-2006 mega eingöngu 3 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að fjögur lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.

Keppnistímabilin 2006-2007 og 2007-2008 mega eingöngu 2 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að þrjú lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.

Keppnistímabilin frá 2008-2009 og síðar má eingöngu 1 lið frá sama félagi leika í 1.deild karla. Ef úrslit fyrri keppnistímabils þýða að tvö lið frá sama félagi hefðu annars leikið í 1.deild karla skal neðsta lið félags færast niður um deild, og efsta lið annars félags í 2.deild sem uppfyllir sömu skilyrði færast upp.

Félög sem eiga lið í 1.deild karla skulu tilnefna 3 dómara til að dæma leiki í 1.deild. Greiðsla til dómara skal vera ákveðin og endurskoðuð árlega af stjórn BTÍ.”

11. gr. Neðst í greinina bætist við þessi setning: “Heimalið leiks er ábyrgt fyrir því að úrslit leiks berist til skrifstofu BTÍ, og skulu öll úrslit einstakra leikja með fullum nöfnum keppenda og undirskriftuðum leikskýrslum berast innan 3ja daga frá lokum leiks.”

Inn í reglurnar bætist við nýjar gr. 12. og 13, svohljóðandi:

12. grein

Úrslitakeppni 1.deildar karla fer fram eftir að keppni í 1.deild hefur lokið 10 umferðum. Í undanúrslitum úrslitakeppninnar skulu annars vegar mætast lið nr.1 og lið nr. 4 í deildinni, og skal lið nr.1 hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik, en lið 4. í öðrum leik, og hins vegar lið nr. 2 og lið nr.3, og skal lið nr. 2 hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik, en lið 3 í öðrum leik.

Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum, komast áfram í úrslitaviðureign og skal það lið sem var ofar í deildinni hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik.

Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum úrslitanna telst Íslandsmeistari í liðakeppni karla í borðtennis.

13.grein

Frestun leikja,

Lið getur fengið leik frestað ef sannanlega er hægt að sýna fram á að liðið geti ekki stillt upp 3 leikmönnum í liði vegna meiðsla eða veikinda.

Tilkynna skal frestun svo fljótt sem kostur er á, og í síðasta lagi daginn fyrir áætlað upphaf leiks.

Mótherjar liðsins geta krafist læknisvottorða ef þeir óska þess, og skulu þá mótherjar óska þess í síðasta lagi tveimur tímum eftir móttekna tilkynningu um frestun, og skal þá skila þeim fyrir áætlað upphaf leiks til mótanefndar BTÍ, annars telst leikurinn tapaður með mesta mun því lið sem mæti ekki til leiks.

Hvert lið getur eingöngu óskað eftir þremur frestunum á hverju keppnistímabili.